

**LÖG
um breytingu á lögum um mannréttindasáttmála Evrópu, nr. 62/1994,
með síðari breytingum (15. samningsviðauki).**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

- a. 1. tölul. 1. mgr. orðast svo: Samnings frá 4. nóvember 1950 um verndun mannréttinda og mannfrelsис, með áorðnum breytingum samkvæmt samningsviðauka nr. 11 frá 11. maí 1994 við samning um verndun mannréttinda og mannfrelsис varðandi endurskipulagningu á eftirlitskerfi samningsins, ásamt viðauka, með áorðnum breytingum samkvæmt samningsviðauka nr. 14 frá 13. maí 2004 við samning um verndun mannréttinda og mannfrelsис um breytingu á eftirlitskerfi samningsins og með áorðnum breytingum samkvæmt samningsviðauka nr. 15 frá 24. júní 2013 um breytingu á samningi um verndun mannréttinda og mannfrelsис.
- b. 2. mgr. orðast svo:
Samningur um verndun mannréttinda og mannfrelsис og samningsviðaukar nr. 1, 4, 6, 7 og 13, með áorðnum breytingum samkvæmt samningsviðaukum nr. 11, 14 og 15, eru birtir sem fylgiskjal með lögum þessum.

2. gr.

Fylgiskjal með lögnum, sbr. b-lið 1. gr., orðast eins og greinir í fylgiskjali með lögum þessum.

3. gr.

Ákvæði laga þessara taka gildi um leið og samningsviðauki nr. 15 um breytingu á samningi um verndun mannréttinda og mannfrelsис frá 4. nóvember 1950 öðlast gildi að því er Ísland varðar.

Gjört í Reykjavík, 18. desember 2015.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Ólöf Nordanl.

Fylgiskjal.**Samningur um verndun mannréttinda og mannfrelsins.**

Ríkisstjórnir þær, sem undirritað hafa samning þennan og aðilar eru að Evrópuráðinu, hafa í huga hina almennu mannréttindayfirlýsing, sem allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti hinn 10. desember 1948;

hafa í huga, að yfirlýsing þessi hefur það markmið að tryggja almenna og raunhæfa viðurkenningu og vernd þeirra réttinda, sem þar er lýst;

hafa í huga, að markmið Evrópuráðs er að koma á nánari einingu aðildarríkjanna og að ein af leiðunum að því marki er sú, að mannréttindi og mannfrelsi séu í heiðri höfð og efld;

lýsa á ný eindreginni trú sinni á það mannfrelsi, sem er undirstaða réttlætis og friðar í heiminum og best er tryggt, annars vegar með virku, lýðræðislegu stjórnarfari og, hins vegar, almennum skilningi og varðveislu þeirra mannréttinda, sem eru grundvöllur frelsisins;

eru staðráðnar í því að stíga fyrstu skrefin að því marki að tryggja sameiginlega nokkur þeirra réttinda, sem greind eru í hinni almennu mannréttindayfirlýsing, enda eru þær stjórnir Evrópuríkja, sem sama sinnis eru og eiga sameiginlega arfleifð stjórnþáhefða, hugsjóna, frelsis og réttarríkis;

staðfesta að samningsaðilar hafa í samræmi við nálægðarregluna þá frumskyldu að tryggja þau réttindi og það frelsi sem eru skilgreind í þessum sáttmála og samningsviðaukum við hann, og hafa við það svigrúm til mats með fyrirvara um eftirlitslögsögu Mannréttindadómstóls Evrópu sem komið er á fót með þessum sáttmála;

hafa orðið ásáttar um það sem hér fer á eftir:

1. gr.

Skylda til að virða mannréttindi.

Samningsaðilar skulu tryggja hverjum þeim, sem innan yfirráðasvæðis þeirra dvelst, réttindi þau og frelsi sem skilgreind eru í I. kafla þessa samnings.

I. KAFLI
Réttindi og frelsi.

2. gr.

Réttur til lífs.

1. Réttur hvers manns til lífs skal verndaður með lögum. Engan mann skal af ásettu ráði svipta lífi, nema sök sé sönnuð og fullnægja skuli refsíðomi á hendur honum fyrir glæp sem dauðarefsingu varðar að lögum.
- Þótt mannsbani hljótist af valdbeitingu skal það ekki talið brjóta í bága við þessa grein ef valdbeitingin er ekki meiri en ýtrasta nauðsyn krefur:
 - a. til að verja menn gegn ólögmætu ofbeldi;
 - b. til að framkvæma lögmæta handtöku eða til að koma í veg fyrir flóttu manns sem er í lögmætri gæslu;
 - c. vegna löglegra aðgerða sem miða að því að bæla niður uppbott eða uppreisn.

3. gr.

Bann við pyndingum.

Enginn maður skal sæta pyndingum eða ómannlegrí eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.

4. gr.

Bann við þrældómi og nauðungarvinnu.

1. Engum manni skal haldið í þrældómi eða þrælkun.
2. Eigi skal þess krafist af nokkrum manni að hann vinni þvingunar- eða nauðungarvinnu.
3. Þvingunar- eða nauðungarvinna í merkingu þessarar greinar skal eigi taka til:
 - a. vinnu sem krafist er í samræmi við almennar reglur um tilhögun gæslu sem kveðið er á um í 5. gr. samnings þessa eða meðan á skilyrtri lausn úr slíkri gæslu stendur;
 - b. herþjónustu eða þjónustu sem krafist er í hennar stað af mönnum sem synja herþjónustu samvisku sinnar vegna og búa við lög sem heimila slíka synjun;
 - c. þjónustu vegna hættu- eða neyðarástands sem ógnar lífi eða velferð almennings;
 - d. vinnu eða þjónustu sem er þáttur í venjulegum borgaraskyldum.

5. gr.

Réttur til frelsis og mannhelgi.

1. Allir menn eiga rétt til frelsis og mannhelgi. Engan mann skal svipta frelsi nema í eftifarandi tilvikum og þá í samræmi við þá málsmeðferð sem segir í lögum. Tilvikin eru:
 - a. löggleg gæsla manns sem dæmdur hefur verið sekur af þar til bærum dómstóli;
 - b. löggleg handtaka eða gæsla manns fyrir að óhlýðnast lögmætri skipun dómstóls eða til að tryggja efndir lögmæltrar skyldu;
 - c. löggleg handtaka eða gæsla manns sem efnt er til í því skyni að færa hann fyrir réttan handhafa opinbers valds, enda hvíli á honum rökstuddur grunur um afbrot eða með rökum sé talið nauðsynlegt að koma í veg fyrir að hann fremji afbrot eða komist undan að svo búnu;
 - d. gæsla ósjálfráða manns samkvæmt lögglegum úrskurði vegna eftirlits með uppledri hans eða lögmætrar gæslu í því skyni að færa hann fyrir réttan handhafa opinbers valds;
 - e. löggleg gæsla manns til að koma í veg fyrir að smitandi sjúkdómur breiðist út eða manns sem er andlega vanheill, áfengissjúklingur, eiturlyfjasjúklingur eða umrenningur;
 - f. löggleg handtaka eða gæsla manns til að koma í veg fyrir að hann komist ólöglega inn í land eða gæsla manns sem vísa á úr landi eða framselja.
2. Hver sá maður, sem tekinn er höndum, skal án tafar fá vitneskju, á máli sem hann skilur, um ástæðurnar fyrir handtökunni og um sakir þær sem hann er borinn.
3. Hvern þann mann, sem tekinn er höndum eða settur í varðhald skv. c-lið 1. mgr. þessarar greinar, skal án tafar færa fyrir dómara eða annan embættismann sem að lögum hefur heimild til að fara með dómsvald, og skal hann eiga kröfu til að mál hans verði tekið fyrir í dómi innan hæfilegs tíma eða hann verði láttinn laus þar til dómsmeðferð hefst. Gera má það að skilyrði fyrir lausn manns úr gæslu að trygging sé sett fyrir því að hann komi fyrir dóum.
4. Hverjum þeim sem handtekinn er eða settur í gæslu skal rétt að bera lögmæti frelsisskerðingarinnar undir dómstól er úrskurði um hana með skjótum hætti og fyrirskipi að hann skuli láttinn laus ef ólögmæt reynist.
5. Hver sá sem tekinn hefur verið höndum eða settur í gæslu gagnstætt ákvæðum þessarar greinar skal eiga bótarétt sem unnt sé að koma fram.

6. gr.

Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi.

1. Þegar kveða skal á um réttindi og skyldur manns að einkamálarétti eða um sök, sem hann er borinn um refsivert brot, skal hann eiga rétt til réttlátrar og opinberrar málsmeðferðar innan hæfilegs tíma fyrir sjálfstæðum og óvilhöllum dómstóli. Sé skipan hans ákveðin með

lögum. Dóm skal kveða upp í heyranda hljóði, en banna má fréttamönum og almenningi aðgang að réttarhöldunum að öllu eða nokkru leyti af siðgæðisástæðum eða með tilliti til allsherjarreglu eða þjóðaröryggis í lýðfrjálsu landi eða vegna hagsmuna ungmannna eða verndar einkalífs málsaðila eða, að svo miklu leyti sem dómstóllinn telur brýna nauðsyn bera til, í sérstökum tilvikum þar sem opinber frásögn mundi torvelda framgang réttvisinnar.

2. Hver sá sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus uns sekt hans er sönnuð að lögum.

3. Hver sá sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi skal eigi njóta minni réttar en hér greinir:

- a. Hann fái án tafar, á máli sem hann skilur, vitneskju í smáatriðum um eðli og orsök þeirrar ákæru sem hann sætir.
- b. Hann fái nægan tíma og aðstöðu til að undirbúa vörn sína.
- c. Hann fái að halda uppi vörnum sjálfur eða með aðstoð verjanda að eigin vali. Hafi hann ekki nóg fé til að greiða lögfræðiaðstoð skal hann fá hana ókeypis ef það er nauðsynlegt vegna réttvisinnar.
- d. Hann fái að spryra eða láta spryja vitni sem leidd eru gegn honum. Séð skal um að vitni, sem bera honum í vil, komi fyrir dóm og séu spurð á sama hátt og þau vitni sem leidd eru gegn honum.
- e. Hann fái ókeypis aðstoð túlks ef hann skilur hvorki né talar mál það sem notað er fyrir dómi.

7. gr.

Engin refsing án laga.

1. Engan skal telja sekan um afbrot hafi verknaður sá eða aðgerðaleysi, sem hann er borinn, eigi varðað refsingu að landslögum eða þjóðarétti þá framin voru. Eigi má heldur dæma mann til þyngri refsingar en lög leyfðu þegar afbrotið var framið.

2. Ákvæði þessarar greinar skulu eigi torvelda réttarhöld yfir nokkrum manni eða refsingu hans fyrir hvern þann verknað, eða aðgerðaleysi, refsiverðan samkvæmt almennum ákvæðum laga, viðurkenndum af siðmenntuðum þjóðum þá framin var.

8. gr.

Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu.

1. Sérhver maður á rétt til friðhelgi einkalífs síns, fjölskyldu, heimilis og bréfaskipta.

2. Opinber stjórnvöld skulu eigi ganga á rétt þennan nema samkvæmt því sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis, almannuheilla eða efna-legrar farsældar þjóðarinnar, til þess að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu manna eða siðgæði eða réttindum og frelsi annarra.

9. gr.

Hugsana-, samvisku- og trúfrelni.

1. Sérhver maður á rétt á að vera frjáls hugsana sinna, samvisku og trúar. Í þessu felst frelsi manna til að breyta um trú eða sannfæringu svo og til að rækja trú sína eða sannfæringu, hvort heldur einslega eða í samfélagi með öðrum, opinberlega eða á einkavettvangi, með guðsþjónustu, boðun, breytni og helgihaldi.

2. Frelsi manna til að rækja trú sína eða sannfæringu skal einungis háð þeim takmörkunum, sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna almannuheilla, til verndar allsherjarreglu, heilsu manna eða siðgæði eða rétti og frelsi.

10. gr.

Tjáningarfrelsí.

1. Sérhver maður á rétt til tjáningarfrelsí. Sá réttur skal einnig ná yfir frelsi til að hafa skoðanir, taka við og skila áfram upplýsingum og hugmyndum heima og erlendis án afskipta stjórvalda. Ákvæði þessarar greinar skulu eigi hindra ríki í að gera útvarps-, sjónvarps- og kvíkmyndafyrirtækjum að starfa aðeins samkvæmt sérstöku leyfi.
2. Þar sem af réttindum þessum leiðir skyldur og ábyrgð er heimilt að þau séu háð þeim formsreglum, skilyrðum, takmörkunum eða viðurlögum sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis, landvarna eða almannaheilla, til þess að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu eða siðgæði manna, mannorði eða réttindum og til þess að koma í veg fyrir uppljóstran trúnaðarmála eða til þess að tryggja vald og óhlutdrægni dómstóla.

11. gr.

Funda- og félagafrelsí.

1. Rétt skal mönnum að koma saman með friðsönum hætti og mynda félög með öðrum, þar á meðal að stofna og ganga í stéttarfélög til verndar hagsmunum sínum.
2. Eigi skal réttur þessi háður öðrum takmörkunum en þeim sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis eða almannaheilla, til þess að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða réttindum og frelsi. Ákvæði þessarar greinar skulu eigi vera því til fyrirstöðu að löglegar takmarkanir séu settar við því að liðsmenn hers og lögreglu eða stjórnarstarfsmenn beiti þessum rétti.

12. gr.

Réttur til að stofna til hjúskapar.

Karlar og konur á hjúskaparaldri hafa rétt á að ganga í hjónaband og stofna fjölskyldu í samræmi við landslög um þessi réttindi.

13. gr.

Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns.

Sérhver sa sem á er brotinn sa réttur eða það frelsi hans skert, sem lýst er í samningi þessum, skal eiga raunhæfa leið til að ná rétti sínum fyrir opinberu stjórvaldi, og gildir einu þótt brotið hafi framið opinberir embættismenn.

14. gr.

Bann við mismunun.

Réttindi þau og frelsi, sem lýst er í samningi þessum, skulu tryggð án nokkurs manngreinarálits, svo sem vegna kynferðis, kynþáttar, litarháttar, tungu, trúarbragða, stjórmála-eða annarra skoðana, þjóðernis eða þjóðfélagsstöðu, tengsla við þjóðernisminnihluta, eigna, uppruna eða annarrar stöðu.

15. gr.

Skerðing réttinda á hættutímum.

1. Á tímum styrjaldar eða annars almenns neyðarástands, sem ógnar tilveru þjóðarinnar, getur samningsaðili tekið til ráðstafana sem víkja frá skyldum hans samkvæmt samningi þessum að því marki sem ýtrasta nauðsyn krefur til þess að firra áföllum, enda séu slíkar ráðstafanir eigi í ósamræmi við aðrar skyldur hans að þjóðarétti.

2. Ákvæði þetta skal þó í engu rýra gildi 2. gr., nema þegar mannslát verða vegna löglegra hernaðaraðgerða, né heldur gildi 3. gr., 4. gr. (1. mgr.) og 7. gr.

3. Hver sá samningsaðili, sem neytir þessa réttar til undansláttar, skal láta aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs í té fulla vitneskju um þær ráðstafanir sem tekið hefur verið til svo og ástæður þeirra. Einnig skal hann tilkynna aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs um það þegar beitingu slíkra ráðstafana linnir og ákvæðum samningsins er á ný framfylgt að fullu.

16. gr.

Skorður við stjórnmálaumsvifum útlendinga.

Ekkert ákvæði í 10., 11. og 14. gr. skal talið geta hindrað samningsaðila í að setja skorður við stjórnmálaumsvifum útlendinga.

17. gr.

Bann við misnotkun réttinda.

Ekkert ákvæði í samningi þessum skal túlka þannig að í felist hinn minnsti réttur til handa ríki, samtökum eða einstaklingum til að takast á hendur eða aðhafast nokkuð það sem miðar að því að eyða réttindum þeim einhverjum og frelsi, sem þar er lýst, eða að því að takmarka þau umfram það sem samningurinn kveður á um.

18. gr.

Takmörkun á skerðingu réttinda.

Takmarkanir þær á téðum réttindum og frelsi sem heimilaðar eru í samningi þessum skulu eigi viðhafðar í nokkru öðru skyni en fyrir er um mælt.

II. KAFLI

Mannréttindadómstóll Evrópu.

19. gr.

Stofnun dómstólsins.

Til að tryggja það að staðið sé við skuldbindingar þær sem aðilar samnings þessa og samningsviðauka við hann hafa tekist á hendur skal setja á stofn mannréttindadómstól Evrópu sem hér á eftir verður kallaður dómstóllinn. Hann skal starfa samfellt.

20. gr.

Fjöldi dómara.

Dómstóllinn skal skipaður jafnmögum dómurum og samningsaðilarnir eru.

21. gr.

Hæfissskilyrði.

1. Dómararnir skulu vera menn grandvarir, og verða þeir annaðhvort að fullnægja kröfum um hæfi til að gegna æðri dómarastörfum eða vera lögvisir svo orð fari af.

2. Umsækjendur skulu vera yngri en 65 ára daginn sem þingið biður um lista með þremur mönum, sjá nánar í 22. gr.

3. Dómararnir skulu skipa sæti sitt sem einstaklingar.

4. Meðan kjörtímabil þeirra varir skulu dómararnir ekki taka þátt í neinni starfsemi sem er ósamrýmanleg sjálfstæði þeirra, hlutleysi eða kröfum sem gerðar eru til fulls dómarastarfs. Dómstóllinn skal skera úr um öll vafaatriði varðandi framkvæmd þessarar málsgreinar.

22. gr.

Kosning dómara.

Dómararnir skulu kjörnir af þinginu, af hálfu sérhvers samningsaðila, með meiri hluta greiddra atkvæða af lista með þremur mönnum sem samningsaðili tilnefnir.

23. gr.

Kjörtímabil og brottvikning.

1. Dómararnir skulu kosnir til níu ára. Þá má ekki endurkjósa.
2. Dómarar skulu halda sæti sínu þar til aðrir koma í þeirra stað. Þeir skulu samt halda áfram að starfa að þeim málum sem þeir voru teknir til við.
3. Því aðeins verður dómara vikið úr starfi að hinir dómararnir ákveði með tveimur þriðju hlutum atkvæða að hann fullnægi ekki lengur þeim skilyrðum sem krafist er.

24. gr.

Skrifstofa og skýrslugerðarmenn.

1. Dómstóllinn skal hafa skrifstofu og skal hlutverk hennar og skipulag ákveðið í starfsreglum dómstólsins.
2. Skýrslugerðarmenn, sem starfa undir stjórn forseta dómstólsins, skulu vera dómstólnum til aðstoðar þegar einn dómari situr í dóminum. Þeir skulu vera hluti af starfsliði skrifstofu dómstólsins.

25. gr.

Fullskipaður dómstóll.

Fullskipaður dómstóll skal:

- a. kjósa forseta sinn og einn eða two varaforseta til þriggja ára; þá má endurkjósa;
- b. skipa deildir til ákveðins tíma;
- c. kjósa forseta deilda dómstólsins; þá má endurkjósa;
- d. samþykkja starfsreglur dómstólsins;
- e. kjósa ritara og einn eða fleiri aðstoðarritara;
- f. leggja fram beiðni skv. 2. mgr. 26. gr.

26. gr.

Einn dómari situr í dóminum, nefndir, deildir og yfirdeild.

1. Til að fara með mál sem lögð eru fyrir dómstóllinn skal hann starfa sem hér segir: einn dómari sitji í dóminum, hann starfi í nefndum sem þrír dómarar skipa, í deildum sem sjö dómarar skipa og yfirdeild sem sautján dómarar skipa. Deildir dómstólsins skipa nefndir til ákveðins tíma.
2. Ráðherranefndin getur, að beiðni fullskipaðs dómstóls, með samhljóða ákvörðun og til ákveðins tíma, fækkað dómurum í deildum í fimm.
3. Þegar dómari situr einn í dóminum skal hann ekki skoða kærur á hendur þeim samningsaðila sem hann er kosinn fyrir.
4. Sjálfskipaður í deildina og yfirdeildina er dómari sá sem er kosinn af hálfu þess samningsaðila sem er málsaðili. Fyrirfinnist enginn slíkur eða geti sá dómari ekki tekið þátt í meðferð málsins tilnefnir forseti dómstólsins dómara af lista sem fyrrnefndur samningsaðili hefur þegar lagt fram.
5. Yfirdeildina skulu einnig skipa forseti og varaforsatar dómstólsins, forsetar deilda og aðrir dómarar sem valdir eru samkvæmt starfsreglum dómstólsins. Þegar máli er vísað til yfir-

deildarinnar í samræmi við ákvæði 43. gr. skal enginn þeirra dómara, sem áttu sæti í deildinni sem kvað upp dóm í málínu, eiga sæti í yfirdeildinni, að undanskildum þó forseta deildarinnar og dómara þeim sem átti sæti í deildinni af hálfu þess samningsaðila sem er málsaðili.

27. gr.

Valdsvið dómara sem sitja einir í dóminum.

1. Dómara, sem situr einn í dóminum, er heimilt að lýsa ótæka eða fella af málaskrá dómstólsins kæru, sem borin er fram skv. 34. gr., þegar unnt er að taka slíka ákvörðun án frekari skoðunar.
2. Ákvörðunin skal vera endanleg.
3. Lýsi dómari, sem situr einn í dóminum, ekki kæru ótæka eða felli hana ekki af málaskrá skal hann framsenda hana nefnd eða deild til frekari skoðunar.

28. gr.

Valdsvið nefnda.

1. Nefnd er heimilt, að því er varðar kæru sem er borin fram skv. 34. gr. og með samhljóða atkvæðum,
 - a. að lýsa hana ótæka eða fella af málaskrá sinni þegar unnt er að taka slíka ákvörðun án frekari skoðunar; eða
 - b. að lýsa hana tæka og fella um leið dóm um efni hennar ef þegar hefur verið fjallað um úrlausnarefnið, sem málið snýst um og varðar túlkun eða beitingu ákvæða samningsins eða samningsviðauka við hann, í staðfestri dómframkvæmd dómstólsins.
2. Ákvarðanir og dómar skv. 1. mgr. skulu vera endanlegir.
3. Eigi dómarinn, sem er kosinn af hálfu samningsaðilans sem er málsaðili, ekki sæti í nefndinni getur nefndin, á hvaða stigi málsmeðferðar sem er, boðið dómaranum að taka sæti eins nefndarmanna, að teknu tilliti til allra þátta sem máli skipta, m.a. þess hvort fyrnefndur samningsaðili hafi andæft því að málsmeðferðinni skv. b-lið 1. mgr. sé beitt.

29. gr.

Ákvarðanir deilda um að kæra sé tæk og um efnishlið hennar.

1. Sé ekki tekin ákvörðun í samræmi við 27. eða 28. gr., eða dómur ekki felldur skv. 28. gr., skal deild kveða á um hvort kæra, sem borin er fram af einstaklingi skv. 34. gr., sé tæk og um efni hennar. Heimilt er að taka ákvörðun um hvort kæra sé tæk sérstaklega.
2. Deild skal kveða á um hvort milliríkjakærur skv. 33. gr. séu tækar og um efnishlið þeirra. Ákvörðun um hvort kæra sé tæk skal tekin sérstaklega nema dómstóllinn ákveði annað í undantekningartilvikum.

30. gr.

Eftirgjöf lögsögu til yfirdeildarinnar.

Ef mál sem deild hefur til meðferðar gefur tilefni til alvarlegs vafa um túlkun á samningnum eða samningsviðaukum við hann eða þegar ályktun um vafamál fyrir deildinni gæti leitt til niðurstöðu sem væri í ósamræmi við fyrri dóm dómstólsins, þá er deildinni heimilt hvenær sem er fyrir dómsuppkvaðningu að eftirláta yfirdeildinni lögsögu í málínu.

31. gr.

Hlutverk yfirdeildarinnar.

Yfirdeildin skal:

- a. úrskurða um kærur sem bornar eru fram skv. 33. gr. eða 34. gr. þegar deild hefur eftir-látið lögsögu skv. 30. gr. eða þegar máli hefur verið vísað til hennar skv. 43. gr.;
- b. úrskurða í málum sem ráðherranefndin vísar til dómstólsins í samræmi við 4. mgr. 46. gr.; og
- c. fjalla um beiðnir um ráðgefandi álit sem bornar eru fram skv. 47. gr.

32. gr.

Lögsaga dómstólsins.

1. Lögsaga dómstólsins skal ná til allra málefna varðandi túlkun og framkvæmd samningsins og samningsviðauka við hann, sem vísað er til hans í samræmi við 33., 34., 46. og 47. gr.
2. Ef ágreiningur verður um lögsögu dómstólsins sker hann úr.

33. gr.

Milliríkjamál.

Sérhverjum samningsaðila er heimilt að vísa til dómstólsins meintu broti annars samnings-aðila á ákvæðum samningsins og samningsviðauka við hann.

34. gr.

Kærur einstaklinga.

Dómstólnum er heimilt að taka við kærum frá hvaða einstaklingi sem er, samtökum eða hópi einstaklinga sem halda því fram að samningsaðili hafi brotið á þeim réttindi þau sem lýst er í samningnum og samningsviðaukum við hann. Samningsaðilar skuldbinda sig til að hindra ekki á nokkurn hátt raunhæfa beitingu þessa réttar.

35. gr.

Skilyrði þess að mál sé tækt.

1. Dómstóllinn getur því aðeins tekið mál til meðferðar að leitað hafi verið til hlítar leið-réttингar í heimalandinu, samkvæmt almennt viðurkenndum reglum þjóðaréttar og innan fjögurra mánaða frá því að fullnaðarákvörðun var þar tekin.
2. Dómstóllinn skal eigi taka til meðferðar kæru einstaklings sem lögð er fyrir hann skv. 34. gr. ef hún er:
 - a. frá ónafngreindum aðila, eða
 - b. efnislega sú sama og mál sem þegar hefur verið rannsakað af dómstólnum eða hefur verið lagt fyrir til rannsóknar eða úrskurðar á alþjóðavettvangi og felur ekki í sér neinar nýjar upplýsingar sem máli skipta.
3. Dómstóllinn skal lýsa ótæka hverja kæru einstaklings, sem er borin fram skv. 34. gr., telji hann:
 - a. kæruna ósamrýmanlega ákvæðum samningsins eða samningsviðauka við hann, augljós-lega illa grundaða eða fela í sér misnotkun á kærurétti einstaklinga; eða
 - b. kæranda ekki hafa orðið fyrir umtalsverðu óhagræði, nema virðing fyrir mannréttindum, eins og þau eru skilgreind í samningnum og samningsviðaukum við hann, krefjist þess að efni kærunnar sé skoðað.
4. Dómstóllinn skal vísa frá hverri þeirri kæru sem hann telur ótæka samkvæmt þessari grein. Honum er heimilt að gera það á hvaða stigi málflutningsins sem er.

36. gr.

Málsaðild þriðja aðila.

1. Nú er ríkisborgari samningsaðila kærandi og hefur samningsaðili þá rétt til að bera fram skriflegar athugasemdir og taka þátt í munnlegum málflutningi í öllum málum fyrir deild og yfirdeildinni.
2. Í því skyni að tryggja rétta dómsniðurstöðu er forseta dómstólsins heimilt að bjóða sér-hverjum samningsaðila sem ekki er aðili að málafærslunum eða manni sem málið varðar og ekki er kærandi að leggja fram skriflegar athugasemdir eða taka þátt í munnlegum málflutningi.
3. Mannréttindafulltrúa Evrópuráðsins er heimilt að leggja fram skriflegar athugasemdir í öllum málum fyrir deild eða yfirdeildinni og taka þátt í réttarhöldum.

37. gr.

Kærur felldar niður.

1. Dómstóllinn getur ákveðið á hvaða stigi málsmeðferðar sem er að fella kæru af málaskrá sinni þegar aðstæður gefa tilefni til að ætla að:
 - a. kærandi hyggist ekki fylgja kæru sinni eftir, eða
 - b. málínus hafi verið ráðið til lykta, eða
 - c. af einhverri annarri ástæðu sem dómstóllinn sannreynir, sé ekki lengur réttlætanlegt að halda áfram að fjalla um kæruna.

Dómstóllinn skal þó halda áfram rannsókn kærunnar ef nauðsynlegt er til þess að mannréttindi þau sem skýrgreind eru í samningi þessum eða samningsviðaukum við hann séu virt.

2. Dómstóllinn getur ákveðið að taka kæru að nýju á málaskrá sína ef hann telur að aðstæður réttlæti það.

38. gr.

Skoðun máls.

Dómstóllinn skal skoða málið með fulltrúum málsaðila og, ef þörf krefur, framkvæma rannsókn sem þeim samningsaðilum sem hlut eiga að máli er þá skylt að greiða fyrir í hvívetna.

39. gr.

Sáttargerð.

1. Dómstóllinn getur, á hvaða stigi málsmeðferðar sem er, verið reiðubúinn til þess að aðstoða málsaðila við að ná sáttum í málínus á þeirri forsendu að mannréttindi séu virt, eins og þau eru skilgreind í samningnum og samningsviðaukum við hann.
2. Málsmeðferð, sem fer fram skv. 1. mgr., skal háð trúnaðarkvöðum.
3. Ef sættir takast skal dómstóllinn fella málið af málaskrá sinni með ákvörðun sem skal vera stutt greinargerð um málsatvik og þá lausn sem náðist.
4. Ákvörðunin skal fengin ráðherranefndinni sem hefur umsjón með því að skilmálum sáttargerðarinnar sé fullnægt með þeim hætti sem fram kemur í ákvörðuninni.

40. gr.

Opinber málsmeðferð og aðgangur að málsgögnum.

1. Málsmeðferð skal vera opinber nema dómstóllinn ákveði annað í sérstökum tilvikum.
2. Málsskjöl sem lögð eru fram hjá ritara skulu vera aðgengileg almenningi nema forseti dómstólsins ákveði annað.

41. gr.

Sanngjarnar bætur.

Dómstóllinn skal ef nauðsyn krefur veita sanngjarnar bætur til þess aðila sem orðið hefur fyrir tjóni ef hann kemst að þeirri niðurstöðu að um brot á samningnum eða samningsviðaukum við hann hafi verið að ræða og ef löggjöf viðkomandi samningsaðila heimilar aðeins að veittar séu bætur að hluta.

42. gr.

Dómar uppkveðnir í deildum.

Dómar uppkveðnir í deildum skulu vera endanlegir í samræmi við ákvæði 2. mgr. 44. gr.

43. gr.

Vísun máls til yfirdeilda.

1. Sérhverjum málsaðila er heimilt þegar um óvenjuleg mál er að ræða að óska eftir því innan þriggja mánaða frá dagsetningu dóms deilda að málínu sé vísað til yfirdeildarinnar.
2. Nefnd fimm dómara yfirdeildarinnar skal verða við beiðninni ef málið vekur alvarlega spurningu varðandi túlkun eða framkvæmd á samningnum og samningsviðaukum við hann eða alvarlegt deiluefni sem er almennt mikilvægt.
3. Samþykki nefndin beiðnina skal yfirdeildin ljúka málínu með dómi.

44. gr.

Endanlegir dómar.

1. Dómur yfirdeildarinnar skal vera endanlegur.
2. Dómur deilda verður endanlegur:
 - a. þegar málsaðilar lýsa yfir að þeir muni ekki óska þess að málínu verði vísað til yfirdeildarinnar, eða
 - b. þremur mánuðum frá dagsetningu dómsins ef ekki hefur verið óskað eftir að málínu sé vísað til yfirdeildarinnar, eða
 - c. þegar nefnd yfirdeildarinnar vísar frá beiðni um málskot skv. 43. gr.
3. Endanlegur dómur skal birtur.

45. gr.

Rökstuðningur dóma og ákvarðana.

1. Rökstyðja skal dóma og ákvarðanir sem lýsa kærur tækur eða ótækur.
2. Ef dómarar verða ekki sammála um dóm sinn að öllu eða einhverju leyti skal hver dómar hafa rétt til að skila séráliti.

46. gr.

Bindandi áhrif dóma og fullnusta þeirra.

1. Samningsaðilar heita því að hlíta endanlegum dómi dómstólsins í hverju því máli sem þeir eru aðilar að.
2. Endanlegur dómur dómstólsins skal fenginn ráðherranefndinni sem hefur umsjón með fullnustu hans.
3. Telji ráðherranefndin að erfiðleikar við túlkun endanlegs dóms torveldi umsjón með fullnustu hans getur hún vísað málínu til dómstólsins til að fá úr því skorið hvernig beri að túlka dóminn. Tvo þriðju hluta atkvæða þeirra fulltrúa sem eiga rétt til setu í nefndinni þarf til að samþykkja ákvörðun um tilvísun.

4. Telji ráðherranefndin að samningsaðili neiti að hlíta endanlegum dómi í máli sem hann á aðild að getur hún, eftir að hafa afhent viðkomandi samningsaðila formlega tilkynningu þar um og með ákvörðun sem er samþykkt með tveimur þriðju hlutum atkvæða þeirra fulltrúa sem eiga rétt til setu í nefndinni, beint þeirri spurningu til dómstólsins hvort samningsaðilinn hafi brotið gegn skyldum sínum skv. 1. mgr.

5. Komist dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að brotið hafi verið gegn ákvæðum 1. mgr. skal hann vísa málinu til ráðherranefndarinnar sem tekur til umfjöllunar til hvaða ráðstafana skuli grípa. Komist dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að ekki hafi verið brotið gegn ákvæðum 1. mgr. skal hann vísa málinu til ráðherranefndarinnar sem skal hætta skoðun málsins.

47. gr.

Ráðgefandi álit.

1. Dómstólnum er heimilt ef ráðherranefndin æskir að láta uppi ráðgefandi álit um lögfræðileg atriði er varða túlkun samningsins og samningsviðauka við hann.
2. Eigi má í slíkum álitsgerðum fjalla um nokkurt atriði er varðar efni eða umfang réttinda þeirra eða mannfrelsísi, er fjallað er um í I. kafla samningsins og samningsviðaukum við hann, né heldur um önnur atriði sem dómstóllinn eða ráðherranefndin kynni að þurfa að taka afstöðu til í framhaldi af málskotum er efnt kynni að verða til í samræmi við samninginn.
3. Til þess að ákvörðun ráðherranefndarinnar um að æskja álits dómstólsins nái fram að ganga þarf meiri hluta atkvæða fulltrúa þeirra er rétt eiga til setu í nefndinni.

48. gr.

Ráðgefandi lögsaga dómstólsins.

Dómstóllinn sker úr um það hvort ósk um álit er ráðherranefndin ber fram sé innan verksviðs hans eins og það er skilgreint í 47. gr.

49. gr.

Rökstuðningur ráðgefandi álits.

1. Álit dómstólsins skal vera rökstutt.
2. Nú er álit eigi að öllu eða nokkru leyti einróma, og ber hverjum dómara þá réttur til að setja fram sérálit.
3. Áliti dómstólsins skal skilað til ráðherranefndarinnar.

50. gr.

Kostnaður við dómstólinn.

Evrópuráðið skal standa straum af kostnaði við dómstólinn.

51. gr.

Sérréttindi og friðhelgi dómara.

Dómarar skulu við störf sín njóta þeirra sérréttinda og friðhelgi sem greind eru í 40. gr. stofnskrár Evrópuráðsins og þeim samningum sem gerðir hafa verið samkvæmt henni.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði.

52. gr.

Fyrirspurnir aðalframkvæmdastjóra.

Samningsaðilum er skylt, þegar aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðs óskar þess, að gera grein fyrir því hvernig landslög þeirra tryggi raunhæfa framkvæmd ákvæða samnings þessa.

53. gr.

Verndun núverandi mannréttinda.

Ekkert ákvæði í samningi þessum skal túlka þannig að það takmarki eða rýri nokkur þau mannréttindi og mannfrelsi sem tryggð kunna að vera í löggjöf aðila samnings þessa eða með öðrum samningi sem hann er aðili að.

54. gr.

Vald ráðherranefndarinnar.

Ekkert ákvæði samnings þessa skal rýra vald það sem ráðherranefndinni er fengið í stofn-skrá Evrópuráðs.

55. gr.

Útilokun annarra úrræða til að leysa úr ágreiningi.

Samningsaðilar eru ásáttir um að þeir muni ekki, nema um annað sé sérstaklega samið, notfæra sér samninga, sáttmála eða yfirlýsingar sem í gildi eru þeirra á milli til að leggja með málskoti ágreining um túlkun og framkvæmd samnings þessa til annars konar úrlausnar en hann mælir fyrir um.

56. gr.

Svæðisbundið gildissvið.

1. Hvert ríki getur, þegar það fullgildir samning þennan eða hvenær sem er eftir það, lýst því yfir með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs að samningur þessi skuli þó með fyrirvara skv. 4. mgr. þessarar greinar gilda fyrir öll eða einhver af þeim landsvæðum sem það gegnir fyrir á alþjóðavettvangi.
2. Samningurinn skal gilda fyrir það eða þau landsvæði, sem greind eru í tilkynningu, að 30 dögum liðnum frá því að tilkynningin berst aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs.
3. Ákvæðum samnings þessa skal þó beitt á slíkum landsvæðum með fullri hliðsjón af því hversu háttar til á hverjum stað.
4. Hvert það ríki, sem gefið hefur yfirlýsingu í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar, getur hvenær sem er síðar lýst því yfir vegna eins eða fleiri landsvæða þeirra, sem yfirlýsingin tekur til, að það fallist á að dómstóllinn sé bær um að taka við kærum frá einstaklingum, samtökum eða hópum einstaklinga skv. 34. gr. samnings þessa.

57. gr.

Fyrirvarar.

1. Hverju ríki skal heimilt við undirritun samnings þessa eða afhendingu fullgildingarskjals síns að gera fyrirvara um tiltekin ákvæði samningsins að svo miklu leyti sem gildandi löggjöf á landsvæði þess er ekki í samræmi við það ákvæði. Fyrirvarar almenns eðlis skulu óheimilir samkvæmt þessari grein.

2. Sérhverjum fyrirvara samkvæmt þessari grein skal fylgja stutt greinargerð um þá löggjöf sem um er að ræða.

58. gr.

Uppsögn.

1. Samningsaðila skal einungis heimilt að segja upp samningi þessum að liðnum fimm árum frá því að hann gerðist aðili að honum og með sex mánaða uppsagnarfresti sem greindur sé í tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs, en hann skal skýra öðrum samningsaðilum frá uppsögninni.
2. Slík uppsögn skal ekki leysa samningsaðila undan skyldum sínum samkvæmt samningi þessum hvað varðar verknað sem fara kann í bág við slíkar skuldbindingar og hann kann að hafa framið ádur en uppsögnin tók gildi.
3. Hver sá samningsaðili, sem gengur úr Evrópuráðinu, skal slíta aðild sinni að samningi þessum með sömu skilmálum.
4. Samningi þessum má segja upp í samræmi við ákvæði málsgreinanna hér að ofan hvað varðar hvert það landsvæði sem lýst hefur verið yfir að hann taki til skv. 56. gr.

59. gr.

Undirritun og fullgilding.

1. Aðilum Evrópuráðs skal heimilt að undirrita samning þennan. Hann skal fullgiltur. Fullgildingarskjöl skal afhenda aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs til vörslu.
2. Evrópusambandinu er heimilt að gerast aðili að þessum samningi.
3. Samningur þessi skal taka gildi þegar tíu ríki hafa afhent fullgildingarskjöl sín.
4. Hvað varðar hvert það ríki, sem undirritað hefur samninginn og fullgildir hann eftir þetta, skal hann taka gildi daginn sem fullgildingarskjalið er afhent.
5. Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðs skal tilkynna öllum aðilum Evrópuráðs um gildistöku samningsins, nöfn þeirra ríkja sem hafa fullgilt hann og afhendingu allra fullgildingarskjala sem síðar kunna að berast.

**Samningsviðauki nr. 1 við samning um verndun
mannréttinda og mannfrelsис.**

Ríkisstjórnir þær, sem undirritað hafa bókun þessa, eru aðilar að Evrópuráðinu og hafa ákveðið að bindast samtökum um að fullnægja tilteknum réttindum og frelsi umfram það sem þegar er greint í I. kafla samnings um verndun mannréttinda og mannfrelsис, sem gerður var í Róm hinn 4. nóvember 1950 (hér á eftir nefndur „samningurinn“).

Hafa þær því komið sér saman um það, sem hér segir:

1. gr.

Friðhelgi eignarréttar.

Öllum mönnum og lögaðilum ber réttur til að njóta eigna sinna í friði. Skal engan svipta eign sinni, nema hagur almennings bjóði og gætt sé ákvæða í lögum og almennra meginreglna þjóðaréttar.

Eigi skulu þó ákvæði undanfarandi málsgreinar á nokkurn hátt rýra réttindi ríkis til þess að fullnægja þeim lögum sem það telur nauðsynleg til þess að geta haft hönd í bagga um notkun eigna í samræmi við hag almennings eða til þess að tryggja greiðslu skatta eða annarra opinberra gjalda eða viðurlaga.

2. gr.

Réttur til menntunar.

Engum manni skal synjað um rétt til menntunar. Hið opinbera skal í öllum ráðstöfunum sínum, er miða að menntun og fræðslu, virða rétt foreldra til þess að tryggja það að slík menntun og fræðsla sé í samræmi við trúar- og lífsskoðanir þeirra.

3. gr.

Réttur til frjálsra kosninga.

Samningsaðilar skuldbinda sig til þess að halda frjálsar kosningar með hæfilegu millibili, og sé atkvæðagreiðsla leynileg og fari fram við aðstæður er tryggi það að í ljós komi álit almennings með frjálsum hætti í kjöri til löggjafarþings.

4. gr.

Svæðisbundið gildissvið.

Hver samningsaðili um sig má við undirskrift, við fullgildingu eða síðar afhenda aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs yfirlýsingu um það að hve miklu leyti hann ábyrgist að ákvæði samningsviðauka þessa nái til landsvæða þeirra sem hann gegnir fyrir á alþjóðavettvangi og upp eru talin í yfirlýsingunni.

Hver samningsaðili, sem afhent hefur yfirlýsingu samkvæmt undanfarandi málsgrein, getur hvenær sem er afhent aðra yfirlýsingu þar sem breytt er ákvæðum fyrri yfirlýsinga eða tilkynnt er að ákvæði samningsviðauka þessa ekki um tiltekið landsvæði.

Yfirlýsingu, sem gefin er í samræmi við grein þessa, skal skoða svo sem hún sé gerð í samræmi við 1. mgr. 56. gr. samningsins.

5. gr.

Tengsl við samninginn.

Samningsaðilum ber að líta á 1., 2., 3. og 4. gr. hér að ofan sem viðbótargreinar við samninginn, og skulu öll ákvæði hans gilda samkvæmt því.

6. gr.

Undirritun og fullgilding.

Samningsviðauka þennan er öllum aðildarríkjum Evrópuráðs, sem undirritað hafa samninginn, heimilt að undirrita. Skal fullgilda hann jafnframt samningnum eða síðar. Gengur hann í gildi þegar tíu fullgildingarskjöl hafa verið afhent. Að því er snertir undirskriftir, er síðar verða fullgiltar, skal samningsviðaukinn ganga í gildi frá þeim degi er fullgildingarskjalið er afhent.

Afhenda skal fullgildingarskjölín aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs, og skal hann tilkynna öllum aðildarríkjum nöfn þeirra er fullgilt hafa.

**Samningsviðauki nr. 4 við samning um verndun mannréttinda og mannfrelsis
um tiltekin önnur mannréttindi en greinir þegar í samningnum
og samningsviðauka nr. 1 við hann.**

Aðildarríki Evrópuráðs, þau er hér undirrita og ákveðið hafa að gera ráðstafanir til þess að tryggja sameiginlega vernd tiltekinna réttinda og mannfrelsis umfram það er þegar greinir í I. kafla samnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis, er undirritaður var í Róm 4.

nóvember 1950 (og hér eftir nefnist „samningurinn“), og í 1., 2. og 3. gr. samningsviðauka nr. 1 við samninginn er undirritaður var í París 20. mars 1952,

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

1. gr.

Bann við skuldafangelsi.

Engan mann má svípta frelsi af þeiri ástæðu einni að hann getur ekki staðið við gerða samninga.

2. gr.

Ferðafrelsi.

1. Allir þeir sem á löglegan hátt eru staddir á landi einhvers ríkis skulu frjálsir ferða og dvalarstaðar þar í landi.
2. Öllum ber réttur til brottfarar úr landi, einnig úr eigin landi.
3. Eigi má leggja nokkrar hömlur á vernd slíkra réttinda, umfram það sem lög standa til og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis eða almannaheilla, í þágu allsherjarreglu, til að firra glæpum, til verndar heilsu manna eða siðgæði eða réttindum og frelsi annarra.
4. Réttindi þau, er greinir í 1. mgr., geta á tilteknum landsvæðum sætt takmörkunum, svo fremi að þeim sé beitt að lögum og þær séu réttlætanlegar vegna almennra hagsmunu í lýðræðislegu þjóðfélagi.

3. gr.

Bann við brottvisun eigin borgara.

1. Eigi má vísa nokkrum manni úr landi þess ríkis sem hann er þegn í, hvort heldur sem einstaklingi eða samkvæmt ráðstöfun sem beinist gegn hópi manna.
2. Eigi má banna nokkrum manni að koma til þess ríkis sem hann er þegn í.

4. gr.

Bann við hópbrottvisun útlendinga.

Bannað er að gera hópa útlendinga landræka.

5. gr.

Svæðisbundið gildissvið.

1. Heimilt er aðildarríkjum, um leið og þau undirrita samningsviðauka þennan, eða hvenær sem er síðar, að afhenda aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs yfirlýsingum um það að hve miklu leyti þau ábyrgist að ákvæði samningsviðauka þessa nái til þeirra landsvæða er þau fara með utanríkismál fyrir og nefnd eru í yfirlýsingunni.
2. Aðildarríki, sem afhent hefur yfirlýsingum samkvæmt næstu málsgrein á undan, getur hvenær sem er afhent aðra yfirlýsingum um breytingar á fyrri yfirlýsingum eða um uppsögn á gildi samningsviðauka þessa gagnvart einhverju landsvæði.
3. Yfirlýsing, sem fram er lögð samkvæmt þessari grein, telst vera gerð í samræmi við 1. mgr. 56. gr. samningsins.
4. Landsvæði hvers ríkis, sem þessi samningsviðauki nær til samkvæmt fullgildingu eða samþykki ríkis, og hvert landsvæði, sem hann nær til samkvæmt yfirlýsingum ríkis í samræmi við grein þessa, ber að skoða sem aðgreind landsvæði að því er varðar ákvæðin í 2. og 3. gr. um landsvæði ríkis.

5. Hvert það ríki sem gefið hefur yfirlýsingu í samræmi við 1. og 2. mgr. þessarar greinar getur hvenær sem er síðar lýst því yfir vegna eins eða fleiri landsvæða þeirra sem yfirlýsingin tekur til, að það fallist á að dómstóllinn sé bær um að taka við kærum frá einstaklingum, samtökum eða hópum einstaklinga skv. 34. gr. samningsins varðandi 1.–4. gr. þessa samningsviðauka, einni eða öllum.

6. gr.

Tengsl við samninginn.

Aðildarríkja í milli skal líta á ákvæði 1.–5. gr. þessa samningsviðauka sem viðaukagreinar við samninginn, og skulu öll ákvæði hans gilda í samræmi við það.

7. gr.

Undirritun og fullgilding.

- Samningsviðauki þessi liggr frammi til undirskriftar þeim aðildarríkjum Evrópuráðs sem undirritað hafa samninginn. Skal fullgilda hann um leið og samninginn eða síðar. Skal hann öðlast gildi þegar fimm fullgildingarskjöl hafa verið lögð fram. Nú fullgilda ríki hann síðar og gengur hann í gildi gagnvart þeim þann dag sem fullgilding er fram lögð.
- Fullgildingarskjöl ber að afhenda aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs, og tilkynnir hann öllum aðildarríkjum um hver þeirra fullgilt hafi.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, ritað undir samningsviðauka þennan.

Samningsviðauki nr. 6 við samning um verndun mannréttinda og mannfrelsins, varðandi afnám dauðarefsingar.

Aðildarríki Evrópuráðs, sem undirritað hafa þennan samningsviðauka við samninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsins sem undirritaður var í Róm 4. nóvember 1950 (hér á eftir nefndur „samningurinn“),

telja að þróun sú, sem orðið hefur í ýmsum aðildarríkjum Evrópuráðsins, lýsi almennri tilhneigingu í átt til afnáms dauðarefsingar,

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

1. gr.

Afnám dauðarefsingar.

Dauðarefsing skal afnumin. Engan skal dæma til slíkrar refsingar eða lífláta.

2. gr.

Dauðarefsing á stríðstínum.

Ríki er heimilt að setja ákvæði í lög sín um dauðarefsingu fyrir verknaði framda á stríðstínum eða þegar bráð stríðshætta vofir yfir. Slíkri refsingu skal aðeins beitt í þeim tilvikum, sem tilgreind eru í lögunum og í samræmi við ákvæði laganna. Viðkomandi ríki skal kynna aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs slík lagaákvæði.

3. gr.

Bann við frávikum.

Óheimilt er að víkja frá ákvæðum þessa samningsviðauka á grundvelli 15. gr. samningsins.

4. gr.

Bann við fyrirvörum.

Óheimilt er að gera fyrirvara skv. 57. gr. samningsins um ákvæði þessa samningsviðauka.

5. gr.

Svæðisbundið gildissvið.

1. Sérhverju ríki er heimilt við undirritun eða afhendingu fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjals að tilgreina það eða þau landsvæði sem samningsviðaukinn nær til.
2. Með yfirlýsingu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs getur sérhvert ríki hvenær sem er síðar látið samningsviðauka þennan ná til hvaða annars landsvæðis sem tilgreint er í yfirlýsingunni. Samningsviðaukinn tekur gildi gagnvart slíku landsvæði fyrsta dag næsta mánaðar eftir að aðalframkvæmdastjóra berst slík yfirlýsing.
3. Sérhverja yfirlýsingu, sem gefin er samkvæmt tveimur undanfarandi málsgreinum, má afturkalla fyrir hvert það landsvæði, sem þar er greint, með tilkynningu til aðalframkvæmdastjórans. Afturköllunin tekur gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að aðalframkvæmdastjóra berst slík tilkynning.

6. gr.

Tengsl við samninginn.

Milli aðildarríkjanna skulu ákvæði 1.–5. gr. þessa samningsviðauka skoðuð sem viðbótar greinar við samninginn og öll ákvæði samningsins skulu gilda í samræmi við það.

7. gr.

Undirritun og fullgilding.

Samningsviðauki þessi skal liggja frammi til undirritunar aðildarríkjum Evrópuráðs sem undirritað hafa samninginn. Hann skal háður fullgildingu, viðurkenningu eða samþykki. Aðildarríki Evrópuráðs getur ekki fullgilt, viðurkennt eða samþykkt þennan samningsviðauka nema það fullgildi samninginn jafnframt eða fyrr. Fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjöl skulu afhent aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs.

8. gr.

Gildistaka.

1. Samningsviðauki þessi öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að fimm aðildarríki Evrópuráðs hafa lýst sig samþykk því að vera bundin af honum samkvæmt ákvæðum 7. gr.
2. Gagnvart aðildarríki, sem síðar samþykkir að vera bundið af samningsviðauka þessum, öðlast hann gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir afhendingu fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjals.

9. gr.

Framlagningar.

Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðs skal tilkynna aðildarríkjum Evrópuráðs um:

- a. Sérhverja undirritun.
- b. Afhendingu sérhvers fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjals.
- c. Sérhvern gildistökudag samningsviðauka þessa skv. 5. og 8. gr.
- d. Sérhvern gerning, tilkynningu eða orðsendingu varðandi samningsviðauka þennan.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, ritað undir samningsviðauka þennan.

**Samningsviðauki nr. 7 við samning um verndun
mannréttinda og mannfrelsins.**

Aðildarríki Evrópuráðs, sem undirritað hafa samningsviðauka þennan, og ákveðið hafa að gera frekari ráðstafanir til að tryggja sameiginlega framkvæmd tiltekinna réttinda og frelsis með tilstuðlan samningssins um verndun mannréttinda og mannfrelsис sem undirritaður var í Róm 4. nóvember 1950 (hér á eftir nefndur „samningurinn“), hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

1. gr.

Réttarfarsreglur um brottvísun útlendinga.

1. Útlendingi, sem löglega er búsettur á landsvæði ríkis, skal ekki vísað þaðan nema eftir ákvörðun sem tekin hefur verið í samræmi við lög, og skal honum heimilt:
 - a. að bera fram ástæður gegn brottvísun sinni,
 - b. að fá mál sitt tekið upp að nýju, og
 - c. að fá erindi sitt flutt í þessu skyni fyrir réttu stjórnvaldi eða manni eða mönnum sem það stjórnvald tilnefnir.
2. Heimilt er að vísa útlendingi brott áður en hann hefur neytt réttinda sinna skv. a-, b- og c-lið 1. mgr. þessarar greinar þegar slík brottvísun er nauðsynleg vegna allsherjarreglu eða á grundvelli þjóðaröryggis.

2. gr.

Réttur til áfrýjunar sakamáls.

1. Sérhver sá, sem dómstóll finnur sekan um afbrot, skal hafa rétt til að láta æðri dóm fjalla á ný um sakfellinguna eða refsinguna. Um beitingu þessa réttar skal gilda löggjöf, þar á meðal um tilefni þess að beita megi.
2. Réttur þessi getur verið háður undantekningum þegar um er að ræða minni háttar brot, eftir því sem fyrir er mælt í lögum, eða þegar fjallað var um mál viðkomandi manns á frumstigi af æðsta dómi, eða hann var sakfelldur eftir áfrýjun á sýknudómi.

3. gr.

Bætur fyrir ranga sakfellingu.

Nú hefur maður verið fundinn sekur um afbrot í lokadómi en síðar verið sýknaður eða náðaður vegna þess að ný eða nýupplýst staðreynd sýnir ótvíraett að réttarspjöll hafa orðið og skal sá sem hefur þolað refsingu vegna slíkrar sakfellingar fá bætur samkvæmt lögum eða réttarvenjum viðkomandi ríkis, nema sannað sé að honum sjálfum var að öllu eða nokkru leyti um að kenna að hin óþekkta staðreynd var ekki látin uppi í tíma.

4. gr.

Réttur til að vera ekki saksóttur eða refsað tvívegis.

1. Enginn skal sæta lögsókn né refsingu að nýju í sakamáli innan lögsögu sama ríkis fyrir brot sem hann hefur þegar verið sýknaður af eða sakfelldur um með lokadómi samkvæmt lögum og sakamálaréttarfari viðkomandi ríkis.
2. Ákvæði undanfarandi málsgreinar skulu ekki vera því til fyrirstöðu að málið sé endurupptekið í samræmi við lög og sakamálaréttarfari viðkomandi ríkis ef fyrir hendi eru nýjar eða nýupplýstar staðreyndir, eða ef megingalli hefur verið á fyrri málsmæðferð sem gæti haft áhrif á niðurstöðu málssins.
3. Óheimilt er að víkja frá þessari grein með skírskotun til 15. gr. samningssins.

5. gr.

Jafnrétti hjóna.

Hjón skulu njóta jafnréttis að því er varðar réttindi og skyldur að einkamálarétti sín í milli og í tengslum sínum við börn sín, við giftingu, í hjónabandi og ef til hjónaskilnaðar kemur. Þessi grein skal ekki vera því til fyrirstöðu að ríki geri ráðstafanir sem nauðsynlegar eru vegna hagsmuna barnanna.

6. gr.

Svæðisbundið gildissvið.

1. Sérhverju ríki er heimilt við undirritun eða afhendingu fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjals að tilgreina það eða þau landsvæði sem samningsviðauki þessi skal ná til og taka fram að hve miklu leytí það ábyrgist að ákvæði hans gildi á slíku landsvæði eða landsvæðum.
2. Með yfirlýsingu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs getur sérhvert ríki hvenær sem er síðar látið samningsviðauka þennan ná til hvaða annars landsvæðis sem tilgreint er í yfirlýsingunni. Samningsviðaukinn öðlast gildi gagnvart slíku landsvæði fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru tveir mánuðir frá því að aðalframkvæmdastjóra berst slík yfirlýsing.
3. Sérhverja yfirlýsingu, sem gefin er samkvæmt undanfarandi tveimur málsgreinum, má afturkalla eða breyta fyrir hvert það landsvæði sem þar er tilgreint með tilkynningu til aðalframkvæmdastjórans. Afturköllunin eða breytingin tekur gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru tveir mánuðir frá þeim degi er aðalframkvæmdastjóra berst slík tilkynning.
4. Yfirlýsing, sem gerð er samkvæmt þessari grein, skal talin gerð í samræmi við 1. mgr. 56. gr. samningsins.
5. Heimilt er að skoða landsvæði sérhvers ríkis, sem þessi samningsviðauki tekur til samkvæmt fullgildingu, viðurkenningu eða samþykki ríkisins, og hvert það landsvæði, sem þessi samningsviðauki tekur til samkvæmt yfirlýsingu ríkisins í samræmi við þessa grein, sem aðgreind landsvæði að því er varðar vísun til landsvæðis ríkis í 1. gr.
6. Hvert það ríki sem gefið hefur yfirlýsingu í samræmi við 1. og 2. mgr. þessarar greinar getur hvenær sem er síðar lýst því yfir vegna eins eða fleiri landsvæða þeirra sem yfirlýsingin tekur til að það fallist á að dómstóllinn sé bær um að taka við kærum frá einstaklingum, samtökum eða hópum einstaklinga skv. 34. gr. samningsins varðandi 1.–5. gr. þessa samningsviðauka.

7. gr.

Tengsl við samninginn.

Aðildarríkjanna í milli skulu ákvæði 1.–6. gr. þessa samningsviðauka skoðuð sem við-bótargreinar við samninginn, og skulu öll ákvæði samningsins gilda í samræmi við það.

8. gr.

Undirritun og fullgilding.

Samningsviðauki þessi skal liggja frammi til undirritunar aðildarríkjum Evrópuráðs sem undirritað hafa samninginn. Hann er háður fullgildingu, viðurkenningu eða samþykki. Aðildarríki Evrópuráðs getur ekki fullgilt, viðurkennt eða samþykkt þennan samningsviðauka nema það fullgildi samninginn jafnframt eða á undan. Fullgildingar-, viðurkenningar- og samþykktarskjöl skulu afhent aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðs til vörsu.

9. gr.

Gildistaka.

1. Samningsviðauki þessi öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru tveir mánuðir frá því að sjö aðildarríki Evrópuráðs hafa lýst sig samþykk því að vera bundin af honum í samræmi við ákvæði 8. gr.
2. Gagnvart aðildarríki, sem síðar lýsir samþykki sínu við að vera bundið af samningsviðaukum, skal hann öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru tveir mánuðir frá afhendingu fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjals.

10. gr.

Framlagningar.

Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðs skal tilkynna öllum aðildarríkjum Evrópuráðs um:

- a. Sérhverja undirritun.
 - b. Afhendingu sérhvers fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjals.
 - c. Sérhvern gildistökudag samningsviðauka þessa skv. 6. og 9. gr.
 - d. Sérhvern gerning, tilkynningu eða yfirlýsingu varðandi samningsviðauka þennan.
- Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, ritað undir samningsviðauka þennan.

**Samningsviðauki nr. 13 við samning um verndun mannréttinda og mannfrelsис,
varðandi afnám dauðarefsinga í öllum tilvikum.**

Aðildarríki Evrópuráðsins, sem undirritað hafa samningsviðauka þennan, eru sannfærð um að réttur allra manna til lífs sé ein af undirstöðunum í lýðræðisþjóðfélagi og að afnám dauðarefsinga sé grundvallaratriði í vernd þessa réttar og því að mannleg reisn hljóti fulla viðurkenningu sem óvefengjanlegur réttur allra manna,

vilja efla vernd réttarins til lífs sem tryggður er með samningnum um verndun mannréttinda og mannfrelsис, sem undirritaður var í Róm 4. nóvember 1950 (hér á eftir nefndur „samningurinn“),

gera sér ljóst að í samningsviðauka nr. 6, varðandi afnám dauðarefsinga, við samninginn, sem undirritaður var í Strassborg 28. apríl 1983, er dauðarefsing fyrir verknaði, framda á stríðstínum eða þegar bráð stríðshætta vofir yfir, ekki útilokuð,

eru staðráðin í að taka skrefið til fulls í þá átt að afnema dauðarefsingar í öllum tilvikum, hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

1. gr.

Afnám dauðarefsingar.

Dauðarefsing skal afnumin. Engan skal dæma til slíkrar refsingar eða lífláta.

2. gr.

Bann við frávikum.

Óheimilt er að víkja frá ákvæðum þessa samningsviðauka á grundvelli 15. gr. samningsins.

3. gr.

Bann við fyrirvörum.

Óheimilt er að gera fyrirvara skv. 57. gr. samningsins um ákvæði þessa samningsviðauka.

4. gr.

Svæðisbundið gildissvið.

1. Sérhverju ríki er heimilt við undirritun eða afhendingu fullgildingar-, staðfestingar- eða samþykkktarskjals að tilgreina það eða þau landsvæði sem samningsviðauki þessi skal ná til.
2. Með yfirlýsingu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins getur sérhvert ríki hvenær sem er síðar látið samningsviðauka þennan ná til hvaða annars landsvæðis sem tilgreint er í yfirlýsingunni. Samningsviðaukinn öðlast gildi gagnvart slíku landsvæði fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuður frá því að aðalframkvæmdastjóra berst slík yfirlýsing.
3. Sérhverja yfirlýsing, sem gefin er samkvæmt undanfarandi tveimur málsgreinum, má afturkalla eða breyta fyrir hvert það landsvæði sem þar er tilgreint með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins. Afturköllunin eða breytingin öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er aðalframkvæmdastjóra berst slík tilkynning.

5. gr.

Tengsl við samninginn.

Milli aðildarríkjanna skulu ákvæði 1.–4. gr. þessa samningsviðauka skoðuð sem viðbótar greinar við samninginn, og skulu öll ákvæði samningsins gilda í samræmi við það.

6. gr.

Undirritun og fullgilding.

Samningsviðauki þessi skal liggja frammi til undirritunar aðildarríkjum Evrópuráðsins sem undirritað hafa samninginn. Hann er háður fullgildingu, staðfestingu eða samþykki. Aðildarríki Evrópuráðsins getur ekki fullgilt, staðfest eða samþykkt þennan samningsviðauka nema það hafi áður fullgilt samninginn eða geri það samtímis. Fullgildingar-, staðfestingar- og samþykkktarskjöl skulu afhent aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins til vörslu.

7. gr.

Gildistaka.

1. Samningsviðauki þessi öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá því að tíu aðildarríki Evrópuráðsins hafa lýst sig samþykk því að vera bundin af samningsviðaukanum í samræmi við ákvæði 6. gr.
2. Gagnvart aðildarríki, sem síðar lýsir samþykki sínu við að vera bundið af samningsviðaukanum, skal hann öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá afhendingu fullgildingar-, staðfestingar- eða samþykkktarskjals.

8. gr.

Framlagningar.

Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal tilkynna öllum aðildarríkjum Evrópuráðsins um:

- a. Sérhverja undirritun.
- b. Afhendingu sérhvers fullgildingar-, staðfestingar- eða samþykkktarskjals.
- c. Sérhvern gildistökudag samningsviðauka þessa skv. 4. og 7. gr.
- d. Sérhvern gerning, tilkynningu eða yfirlýsingu varðandi samningsviðauka þennan.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, ritað undir samningsviðauka þennan.